

Pípur skulu lagðar þannig, að þær hvíli á belgnum, en ekki múffum, og skal þess gætt, að lögnin sé þein. Pípurarnar skulu lagðar á þétta undirstöðu (t. d. möl) og vel þjappað að þeim. Déttingaraðferð er háð samþykki Tækni-deildar.

Pípur skulu varðar ef hætta er á, að skólpið innihaldi jarðvegssýrur eða önnur skaðleg efni.

V. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

5.1. Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 — eitt hundrað þús. kr. —, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

5.2. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem Tæknideild hefur fyrirskipað, skv. reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá Tækni-deildinni heimilt að láta vinna það, sem þarf á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá aðila og með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 11. júlí 1911, sbr. X. kafla laga nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

29. nóvember 1973.

Nr. 373.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatn úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 20.05 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- a. Fyrir mæla allt að ¾" kr. 173.70
- b. Fyrir mæla allt að 1—2" — 389.80
- c. Fyrir mæla allt að 3" — 779.70

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

utanmál)	m ³	Heimæðagjald
allt að	400	55 690.00 kr.
400 að	2 000	55 690.00 kr. fyrir 400 m ³ + 44.60 kr./m ³ þar yfir
2 000 að	6 000	126 974.00 kr. fyrir 2 000 m ³ + 38.00 kr./m ³ þar yfir
6 000 að	10 000	278.451.00 kr. fyrir 6 000 m ³ + 33.50 kr./m ³ þar yfir
Meira en	10 000	412 108.00 kr. fyrir 10 000 m ³ + 29.00 kr./m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 683.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðal heildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðal heildarkostnaði hitunar með oliukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað að lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 300.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1973. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 84 12. mars 1973.

Íðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

4. desember 1973.

Nr. 374.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Jarðstrengur		Loftlína	
	stofngj. kr.	lengdargj. kr./m	stofngj. kr.	lengdargj. kr./stólpa
1. 25 A	1-fasa		7 440	8 682
2. 60 A	—	1 697	749	8 682
3. 100 A	—	1 697	898	11 161
4. 25 A	3-fasa		8 682	9 918
5. 60 A	—	1 697	898	11 161
6. 100 A	—	5 140	1 022	14 881
				15 500